

**Ed. 639. Frumvarp til laga [194. mál]**  
um breytingu á lögum nr. 47 30. maí 1979, um aðstoð við þroskahefta.

(Eftir 3. umr. í Nd., 29. maí.)

**1. gr.**

Aftan við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Einnig skal veita úr sjóðnum styrki til framkvæmda við heimili sjálfseignarstofnana og annarra aðila, svo og vistheimili.

**2. gr.**

Við a-lið 25. gr. laganna bætist:  
Við ákvörðun framlags úr rikissjóði til sjóðsins skal taka tillit til þess að sjóðnum er ætlað að veita styrki til sjálfseignarstofnana og vistheimila, sbr. 3. mgr. 24. gr. laganna, og ber í fjárlögum að ætla sérgreint framlag til þessara verkefna, þannig að það komi til viðbótar við framlög til sjóðsins samkvæmt 1. og 2. málslíð.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.